



Faghópur I

Fundargerð 13. fundar

Orkustofnun, 24. september 2009, kl. 10:00

Mætt: Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Freysteinn Sigmundsson, Hilmar J. Malmquist, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Magnús Ólafsson og Sólborg Una Pálsdóttir.

Forföll:

Fundarfrásögn

- Fundargerðir.** Fundargerð síðasta fundar var samþykkt með nokkrum athugasemdum.
- Skilafrestur.** Þóra upplýsti að af hálfu stjórnvalda og formanns verkefnisstjórnar sé þrýst á skil faghópa fyrir jóla en farið hafði verið fram á frest til janúarloka. Faghópurinn var einhuga um að fáist sá frestur ekki skyldi leggja fram bókun á fundi verkefnisstjórnar 25. sept.
- Viðbót við faghóp vegna matsvinnu.** Samþykkt var að eftirtaldir aðilar yrðu kallaðir til liðs við faghópinn þegar kæmi að matsvinnu.
 - Jarðminjar: jarðfræðingarnir Haukur Jóhannesson (hefur þekkt boðið) og Helgi Torfason sem Þóra mun ræða við.
 - Menningarminjar: Auður Sveinsdóttir, dósent við LBHÍ, (hefur þekkt boðið) og Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur sem Sólborg mun ræða við.
 - Náttúruminjar: líffræðingarnir Snorri Baldursson á Náttúrufræðistofnun og Gísli Már Gíslason, prófessor við HÍ. Þóra mun ræða við þá báða.
 - Þá er stefnt að því að kalla Rannveigu Thoroddsen hjá Náttúrufræðistofnun til liðs við hópinn til að aðstoða við röðunarvinnu. Rannveig var ritari faghóps 2. í 1. áfanga.
- Jórunn Harðardóttir frá Vatnamælingum/Veðurstofu Íslands** kom inn á fundinn með kynninguna „Hugsanleg áhrif virkjunarframkvæmda á vatnafræðilega þætti á borð við rennsli, vatnshita, magn svifaurs“. (Sjá glærusýningu hennar á vinnusvæði heimasíðunnar.) Mestar umræður urðu um áhrif Kárahnjúkastíflu á Jökulsár á Dal og Fljótsdal og Lagarfljót. Jórunn sagði að engin leið væri að gera grein fyrir þessum áhrifum fyrr en að a.m.k. þremur árum liðnum. Náttúrulegar árssveiflur hefðu sýnt sig að vera verulegar og því væri nauðsynlegt að bíða í 3 ár áður en ályktanir yrðu dregnar.
- Sólveig Pétursdóttir frá Matís** kom á fundinn í kjölfar Jórunnar og gerði grein fyrir almennum niðurstöðum rannsóknar Matís á örverum á háhitasvæðum. (Sjá glærusýningu hennar á vinnusvæði heimasíðunnar.) Hún upplýsti að heildarskýrsla um rannsóknirnar myndi koma út vorið 2010. Sem sakir standa væri úrvinnsla ekki komin á það stig að draga mætti saman niðurstöður en greina mætti stærstu drætti. Hennar mat var að skýrslan myndi staðfesta þá

skoðun sem fram kom í kynningu hennar. Á glærum hennar voru talin upp nokkur háhitasvæði sem vafalaust teldust mjög verðmæt. Nefna má Reykjadali og Stórahver á Torfajökulssvæðinu og Vonarskarð. Almennt mæti fullyrða að íslensk háhitasvæði væru mjög sérstök á heimsvísu m.t.t. fjölbreytni og örverulífs. Sitthvað myndi þó eflaust kom á óvart í lokaskýrslunni. Að beiðni faghópsins féllst Sólveig á

- a. að taka saman það efni í forum Matís sem gæti komið að gagni við mat á háhitasvæðum.
- b. að raða þeim háhitasvæðum sem falla undir rammaáætlun í forgangs röð eftir fjölbreytni og fágæti. Þessari röðun sem er gerð með fyrirvara mun hún skila innan mánaðar (fyrir 24. okt.).

6. **Afmörkun svæða.** Rætt var um afmörkun svæða á Reykjanesi og Hengilssvæði. M.a. var rætt um áhrif affallsvatns frá Hengilssvæði á Þingvallavatn . Sólborg tók að sér að lagfæra þekju á vefsjá rammaáætlunar í takt við afmörkun svæðanna og mun útbúa powerpoint-kynningu þar sem eitt svæði verður á hverri glæru.

7. **Litgreining háhitasvæða.** Þóra hefur fundað með Andra Stefánssyni sem tekið hefur að sér greiningu lita á háhitasvæðum. Andri hefur áhugaverðar hugmyndir um hvaða áhrif virkjanir geta haft á litbrigði háhitasvæða. Stefnt er á að fá Andra í heimsókn á einhvern næstu fund faghópsins

8. **Næsti fundur** verður haldinn 1. okt. en kannaður verður möguleiki á að færa fundinn til föstudagsins 2. okt. Þóra mun senda út heimaverkefni fyrir fundinn . Stefnt er að umfjöllun um lífríki og menningarminjar en jarðminjar verða megin efnið þann 8. okt. Þá er stefnt að því að festa niður fundaráætlun haustsins á næsta fundi.